

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis við hótél Geysi og Geysisstofu.*  
Deiliskipulagið nær yfir 8 ha svæði umhverfis Hótél Geysi og Geysisstofu, milli Biskups-tungnavegar og Beinár. Tvær eldri deiliskipulagsáætlanir falla úr gildi með gildistöku nýs skipulags.  
Samþykkt í sveitarstjórn 28. júlí 2009.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Torfastaða, svæði 1.*  
Í breytingunni felst að stærð geymslu-/aukahlúsa verður 25 m<sup>2</sup> í stað 10 m<sup>2</sup>.  
Samþykkt í sveitarstjórn 12. maí 2009.
3. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Torfastaða, svæði 2.*  
Í breytingunni felst að stærð geymslu-/aukahlúsa verður 25 m<sup>2</sup> í stað 15 m<sup>2</sup>.  
Samþykkt í sveitarstjórn 12. maí 2009.
4. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Austureyjar 2, Krossholtsmýri.*  
Í deiliskipulaginu felst að á 2,51 ha svæði sem liggur upp að eldra frístundabyggðasvæði við Apavatn er gert ráð fyrir þremur nýjum frístundahlúsalóðum auk þess sem eldri lóð er stækkuð. Heimilt verður að reisa allt að 120 m<sup>2</sup> frístundahlús og allt að 30 m<sup>2</sup> aukahlús.  
Samþykkt í sveitarstjórn 11. nóvember 2008.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 26. október 2009.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**